

Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Kristínar Ástgeirsdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1320
komudagur 9/4 1996

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 562 5000,
TELEFAX 562 4666,
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 2. apríl 1996

Umsögn við frumvarp til laga um innheimtustofnun sveitarfélaga.


Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

1. mgr. 1. gr.:

Samkvæmt greininni er það skilyrði sett fyrir niðurfellingu höfuðstóls, eða hluta hans að skuldari hafi staðið við svokallaðan tímabundinn samning í a.m.k. þrjú ár þar sem kveðið er á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en fellur til mánaðarlega. Neytendasamtökin telja skilyrðið vera alltof strangt og í raun leiða til þess að mjög fáir aðilar fái samþykktan nauðasamning af hálfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Ljóst er að með því að setja slíkt skilyrði er ekki verið að hjálpa þeim sem komnir eru í mikil fjárhagsvandræði og hafa þar af leiðandi ekki getað staðið við slíkan samnings sem getið er um í 1. málsl. 1. gr. Eins gæti Innheimtustofnun sveitarfélaga ekki samþykkt nauðasamninga fyrr en í fyrsta lagi að þremur árum liðnum frá gildistöku lagafrumvarps þessa og því verður að ætla að þegar sé búið að útiloka töluverðan fjölda nauðasamninga af hálfu stofnunarinnar næstu árin, þar sem einstaklingar skulda oft hæstu upphæðirnar hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga í mörgum tilvikum nokkrar milljónir á hvern einstakling. Neytendasamtökin leggja því til að skilyrðið um þrjú ár verði fellt úr greininni.

Neytendasamtökin lýsa sig að öðru leyti samþykkt ofangreindu lagafrumvarpi.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir, lögfr.